

Mánudaginn 17. febrúar 1997.

Nr. 66/1997.

**Rannsóknarlögregla ríkisins**

(Jón H. Snorrason vararannsóknar-  
lögreglustjóri ríkisins)  
gegn

**Baldvin Breiðfjörð Sigurðssyni**

(Jónatan Sveinsson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhaldi hafnað.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 13. febrúar 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 14. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 12. febrúar 1997, þar sem hafnað var kröfu sóknaraðila um framlengingu gæsluvarðhalds yfir varnaraðila. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og varnaraðila gert að sæta gæsluvarðhaldi til miðvikudagsins 5. mars 1997 kl. 16.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Ekki verður fallist á það með varnaraðila, að ákvæði 3. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 standi því í vegi, að leyst verði úr málinu fyrir Hæstarétti. Verður því hafnað kröfu varnaraðila um, að málinu verði vísað frá Hæstarétti.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

**Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 12. febrúar 1997.**

Ár 1997, miðvikudaginn 12. febrúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Jóni Finnbjörnssyni dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess með vísan til a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, að Baldvin Breiðfjörð Sigurðssyni, kt. 190860-2809, stýrimanni, Vesturbergi 120, Reykjavík, verði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 5. mars 1997 kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn 123., sbr. 124. gr. tollalaga nr. 55/1987.

---

*Niðurstaða.*

Þegar litið er til framangreindra gagna, vaknar nokkur grunur um aðild kærða að ætluðum innflutningi áfengis án greiðslu aðflutnings- og einkasölugjalda. Gögn þessi eru hins vegar ekki skýr, og grunur sá, er þau varpa á kærða, er ekki sterkur. Skýring hans á því, hvers vegna hann eyddi gögnum á heimili sínu, er hins vegar ekki trúverðug.

Kærði hefur sætt gæsluvarðhaldi frá 29. janúar sl. Þrátt fyrir rökstuddar grunsemdir er ekki fært, eins og atvikum er háttað, að framlengja gæsluvarðhaldsvist hans.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Hafnað er kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins um framlengingu gæsluvarðhaldsvistar Baldvins Breiðfjörð Sigurðssonar.

---